

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 1. október 2020

2010003SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frv. um varnir gegn ofanflóðum, mál nr. S-192/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 18. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Meginefni frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að heiti laganna verði breytt í Lög um varnir gegn ofanflóðum. Ekki er tilefni til að gera athugasemd við þessa breytingu.

Lagt er til að í 1. gr. komi nýtt markmiðsákvæði, þar sem lög er áhersla á að aftra því að manntjón hljótist af eða fólk slasist af völdum ofanflóða á heimili sínu. Til að stuðla að markmiðum laganna skal:

- stuðst við vandað hættumat við skipulag og uppbyggingu byggðar á stöðum þar sem sérstök hættu er á ofanflóðum,
- þess gætt að hættumat vegna ofanflóða verði gert fyrir þekkta flóðafarvegi ofan við og í íbúðabyggð og að framtíðarnýting hættusvæða verði í samræmi við fyrirliggjandi hættumat,
- unnið að vörnum með áherslu á varnarvirki til að verja fólk á heimilum sínum og þar sem fólk dvelur á mennta- og heilbrigðisstofnunum í núverandi byggð,
- tryggja faglega þekkingu og virkt eftirlit með ofanflóðum.

Ekki er tilefni til athugasemda við þessa grein.

Í 2. gr. er áréttað að hlutverk snjóflóðaeftirlitsmanna Veðurstofunnar sé að kanna og fylgjast með veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af ofanflóðum í þéttbýli. Eftirlit með hættu á ofanflóðum á skíðasvæðum sé hins vegar á ábyrgð rekstraraðila þeirra. Eftir því sem næst verður komist er hér ekki um að ræða breytingu frá gildandi framkvæmd.

Í 3. gr. er lagt til að færð verði inn í 4. gr. laganna ákvæði reglugerðar um að óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks með tilliti til ofanflóða verði ásættanleg. Einnig er hnykkð á ákvæðum 3. og 4. mgr. sömu greinar um endurskoðun hættumats og skerpt á lagastoð fyrir ákvæði reglugerðar varðandi skiptingu hættusvæða í áhættuflokka.

Þá segir í d. lið 1. mgr. 3. gr. að óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks með tilliti til ofanflóða verði ásættanleg.

Í 6. og 7. gr. er einnig skerpt á orðalagi 10. og 11. gr. laganna um varnarvirki og uppkaup á íbúarhúsnæði. Þannig segir að ákvæði um uppkaup nái eingöngu til íbúðarhúsnæðis, sem er í samræmi við markmiðsákvæði 1. gr, og að kvöð um nýtingartíma eigna sem sveitarfélag hefur keypt skv. 11. gr. skuli þinglýst á viðkomandi eign.

Í 10. gr. frv. er lögð til ný grein, er verður 16. gr., um bann við búsetu í húsnæði vegna ofanflóðahættu. Að áliti sambandsins er 500.000 kr. hámarkssekt við brotum gegn ákvæðum laganna óeðlilega há fjárhæð þegar um er að ræða brot einstaklinga. Mögulega mætti hins vegar hnykkja á að ef slík brot eru í hagnaðarskyni, svo sem vegna útleigu húsnæðis, geti viðurlög orðið þyngri.


Samantekt

Að áliti sambandsins eru fyrirliggjandi tillögur til bóta og til þess fallnar að treysta lagagrundvöll ákvarðana sem teknar eru í almannabágu á grundvelli laganna. Þá verður ekki séð að frumvarpið muni auka útgjöld sveitarfélaga.

Að lokum fagnar sambandið því á að fjárheimildir til Ofanflóðasjóðs eru auknar um 1,6 milljarða króna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021. Í því felast góð fyrirheit um að nú verði áhersla lögð á að ljúka þeim mikilvægu verkefnum við gerð varnarvirkja sem framundan eru.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs